

3. gr.

Kvörtun vegna álagningar eða innheimtu skal beina til tæknideildar sveitarfélagsins.

4. gr.

Til tryggingar á greiðslu skv. gjaldskrá um sorphirðu og urðun í Sveitarfélaginu Skagafirði er lögveðréttur í viðkomandi fasteign í tvö ár eftir gjalddaga.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt er af sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagafjarðar er sett skv. ákvæði 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með síðari breytingu svo og samþykkt fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Skagafirði og öðlast gildi þann 1. janúar 2004.

Sauðárkróki, 16. desember 2003.

Ársæll Guðmundsson sveitarstjóri.

AUGLÝSING

um innheimtuhlutfall í staðgreiðslu árið 2004.

Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu er samanlagt hlutfall tekjuskatts samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt og útsvars eins og það er samkvæmt ákvörðunum sveitarstjórna, sbr. lög um tekjustofna sveitarfélaga. Tekjuskattshlutfall á árinu 2004 verður 25,75%. Meðalútsvar á árinu 2004, samkvæmt fyrirliggjandi ákvörðunum sveitarstjórna verður 12,83%. Innheimtuhlutfall í staðgreiðslu á árinu 2004 verður því 38,58%.

Fjármálaráðuneytinu, 18. desember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Jón Guðmundsson.

SKIPULAGSSKRÁ

Styrktarsjóðs Guðmundu Andrésdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður Guðmundu Andrésdóttur. Heimili hans og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins er arfur skv. erfðaskrá Guðmundu Andrésdóttur, kt. 031122-2449. Höfuðstól sjóðsins má ekki skerða, en gjafafé sem sjóðnum kann að áskotnast, skal leggjast við hann og ávaxtast með sama hætti (sbr. 3. gr.).

3. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í ríkistryggðum skuldabréfum, ríkisvixlum, bankabréfum, innstæðum í bönkum eða sparisjóðum. Tekjur sjóðsins eru raunvextir af stofnfé og öðrum framlögum til hans.

4. gr.

Markmið sjóðsins er að styrkja og hvetja unga og efnilega myndlistarmenn til náms.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa safnstjóri Listasafns Íslands ásamt safnráði þess. Safnstjóri Listasafns Íslands er formaður stjórnar. Stjórnin skipti að öðru leyti með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins úthlutar úr sjóðnum annað hvert ár í apríl, í fyrsta skipti ári eftir andlát arfláta. Stjórnin ákvarðar hvernig staðið skuli að úthlutun hverju sinni. Verja skal vaxta-tekjum sjóðsins til styrkja. Höfuðstól sjóðsins, verðtryggðan má ekki skerða.

7. gr.

Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið og skulu reikningar endurskoðaðir af tilnefndum endurskoðanda.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta ef það telst nauðsynlegt eða heppilegt vegna breyttra aðstæðna. Engin breyting fær þó gildi, nema stjórn sjóðsins sé einhuga um hana.

9. gr.

Sjóðurinn verður ekki lagður niður nema með samþykki stjórnar Listasafn Íslands.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður skal andvirði hans varið til listaverkakaupa fyrir Listasafn Íslands.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari, svo og breytingum er verða kunna á henni, sbr. lög nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir, sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

Skipulagsskrá þessi ásamt fylgiskjali staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 2003.

F. h. r.
Drífa Pálsdóttir.

Bryndís Helgadóttir.

Fylgiskjal.

**Eignir dánarbús Guðmundu Andrésdóttur, kt. 031122-2449,
er ganga til stofnunar minningarsjóðs, skv. ákvæðum erfðaskrár frá 14. maí 1998.**

Bankainnstæður:

	Bankabók nr.		Innstæða kr.	Áunnir vextir kr.
Búnaðarbanki Íslands hf.	306-13-905186	Eignalífeyrisbók	11.987.673	119.666
Íslandsbanki hf.	512-18-792032	Sparileið 36	12.809.116	585.923
SPRON	1151-18-680122		<u>6.420.029</u>	<u>239.414</u>
			31.216.818	945.003
		Samtals kr.		32.161.821

Verðtrygð spariskírteini, gjalddagi 10. apríl 2005.

1995 1. fl. D 10 ár	Nr. C 0004827	5.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. E 0002612	50.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0005081	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. H 0005521	1.000.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. H 0005522	1.000.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. H 0005523	1.000.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. J 0001003	<u>10.000.000</u>
		13.155.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. E 0000573	50.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001329	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001330	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001331	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001332	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001333	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. F 0001334	100.000
1995 1. fl. D 10 ár	Nr. H 0001039	<u>1.000.000</u>
		1.650.000

Markaðsverð samtals 29.161.571

Húsbréf 82052 andvirði bréfs kr. 2.885.948 **3.064.000**

Eignir samtals 64.387.392

Ofangreind verðmæti eru í vörslum undirritaðs skiptastjóra.

Reykjavík, 13. október 2003.

Kristján Stefánsson hrl.